

Fimmtudaginn 29. október kl. 8:30 – 12:00

Útstillingar og framsetning vöru

Vilt þú laða viðskiptavini að verslun þinni með vandaðri og fallegri útstillingu og framsetningu?

Í útstillingum og framsetningu vöru eru lyklar til að ná athygli og sölu. Á þessu námskeiði öðlast þú skilning á því hvernig og hvers vegna þetta er mikilvægt og getur lagt grunninn að fallegra útliti verslunar og glugga.

Námskeiðið veitir þekkingu á því hvers vegna útstillingar eru mikilvægar, það leiðir þig áfram fyrstu skrefin til að sjá muninn á góðri og slæmri framsetningu vöru. Með því að skoða dæmi sem sýna hvað hægt er að gera með einföldum eða flóknum aðferðum færð þú innsýn í notkun vörubera og sjóngrípa. Við skoðum aðferðir til að byggja vörugrúppur og nota liti til hjálpar og einnig förum við í gegnum mikilvægi góðrar verðmerkinga.

Á námskeiðinu er fjallað um:

- Grunnþætti útstillinga og tilgang
- Framsetningu vöru
- Liti og formfræði

Ávinningur þinn:

- Aukinn skilningur á því, út á hvaða útstillingar og framsetning ganga
- Aukin hæfni í að nýta vörubera, sjóngrípi og liti
- Þú getur strax notað þessa grunnþekkingu

Fyrir hverja:

Námskeiðið hentar öllum þeim sem vinna í verslunum og sölurýmum.



Leiðbeinandi: Margrét Ingólfssdóttir, hún er menntaður útstillir frá Dupoint, er grafiðskur hönnuður frá LHÍ og með kennaramenntun frá KÍ.

Verð: kr. 9.900.- (kr. 4.590,- greitt úr Starfsmenntasjóðnum*)

Skráning: bjarnadis@atvinnurekendur.is

Tími: Fimmtudaginn 29. október kl. 8:30 - 12:00 (boðið er upp á léttan morgunverð áður en að námskeiðið hefst)

Staður: Hús verslunarinnar, 9. hæð

***Þeir starfsmenn fyrirtækja sem eru í VR fá sjálfkrafa styrk úr Starfsmenntasjóði verslunarinnar þegar þeir sækja námskeið hjá Félagi atvinnurekenda ef stigaeign fyrirtækja er fyrir hendi.**